

Akureyri 22. febrúar 2018

Umhverfis- og mannvirkjasvið
Guðríður Friðriksdóttir

Sviðsstjóri fræðslusviðs Karl Frímannsson
Forstöðumaður rekstrardeildar Árni K. Bjarnason

Hér með óskar Brekkuskóli formlega eftir því að fá fjárveitingu til að bæta hljóðvist í matsal skólans. Annars vegar til að kaupa borðplötur á borðin í matsal sem standast viðurkenndar hljóðvistarkröfur og hins vegar til að skipta út loftplötum fyrir plötur sem viðurkenndar eru til að draga úr endurkasti og þar með hávaða í matsal.

Frá fyrsta degi þegar matsalurinn var tekinn í notkun var ljóst að hljóðvist væri ábótavant. Matsalurinn er með hart gólf, glervegg og fellihurðir, allt harðir fletir sem endurkasta hljóði. Loftplöturnar sem eru í loftinu eru ekki plötur til að gleypa hljóð. Stólar eru með stálfótum sem mynda hávaða þegar þeir eru dregnir til og borðplötur með venjulegum hörðum tréplötum þar sem glymur í þegar hnífapör og diskar fara á borðið.


Matsalurinn er notaður af flest öllum nemendum hvort sem þeir eru skráðir í mataráskrift eða koma með nesti og er skólinn í dag með 510 nemendur og 73 starfsmenn og borðar stærsti hluti starfmannna líka í matasal. Matsalurinn er síðan notaður af eldri nemendum í nestistíma.

Búið er að fækka í öllum hópum sem koma í matsal og koma nemendur í 7 hollum í matsalinn milli 11:10 og 12:40. Búið er að setja betri tappa undir stóla. Búið er að kaupa „Eyra“ sem sýnir með lit þegar hávaði er kominn yfir mörkin. Búið er að kaupa plastglös og könnur. Mikil áhersla er lögð á að nota „inniröddina“ í matsal og á þetta bæði við um nemendur og starfsmenn. Búið er að kaupa filt- og plastdúka en það skilaði ekki árangri og kostaði mikla vinnu að halda hreinu (fundust t.d. kartöflur og fiskbitar undir). Valdís Jónsdóttir talmeinafræðingur hefur mælt hávaða í matsal og fór hann yfir hávaðamörk nokkrum sinnum í hverjum matmálstíma.

Í viðhorfskönnunum hjá nemendum hefur ítrekað komið fram að þeim finnst of mikill hávaði á matmálstínum. Brekkuskóli hefur í gegnum árin haldið ráðstefnur þar sem veitingar eru afgreiddar í matsal og iðulega tala einhverjur þátttakendur um að erfitt sé að eiga samræður vegna hávaða í matsalnum.

Það er ljóst að nú er tími smærri úrræða lokið og fara þarf í varanlegar ráðstafanir til að laga hljóðvist í matsalnum.

Með vinsemdu,


Stella Gústafsdóttir

Brekkuskóli v/Skólastíg - 600 Akureyri
Sími 462 2525
<http://brekkuskoli.is>